

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur
séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri
laga-aðför.

Mánudaginn 22. desember 1919.

Nr. 67/1919:

Valdstjórnin

gegn

A. J. Godtfredsen.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Akureyrarkaupstaðar upp-
kveðnum 15. sept. þ. á., var Andreas Júlíus Godtfred-
sen kaupmaður á Akureyri dæmdur í 600 kr. sekt
til ríkissjóðs og málskostnað allan fyrir brot á lögum
nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi.
Svo var hið innflutta áfengi dæmt upptækt og eign
ríkissjóðs. Dómi þessum er að ósk kærða skotið til
yfirdómsins.

Kærða er gefið að sök, að hann hafi innflutt
með ensku vöruflutningaskipi »Vistula«, er kom
hingað til lands í júlímán. þ. á., 3 tunnur af whisky,
2 kassa með champagne, 1 kassa með portvíni og 1
kassa með rauðvíni. Voru vinföng þessi færð á
farmskrá og farmskirteini skipsins, og var farmskir-
teinið stílað til Havsteen & Godtfredsen Akureyri,
en kærði hefir skýrt svo frá, að það sé af misskiln-

ingi sendanda að farmskirteinið hafi verið stilað til Havsteen & Godtfredsen, með því að vinsending þessi hafi átt að fara til sín eins, og hafi það verið eftir sinni ráðstöfun að vínföngin hafi verið látin í skipið til flutnings til Íslands án þess nokkur annar hafi átt þar hlut að máli, og eigi hann því einn að bera ábyrgð á innflutningi þessum.

Kærði kannast við að honum hafi verið kunnugt um að innflutningur áfengra drykkja sé bannaður, en hann færir sér það til afsökunar að það hafi ekki verið tilgangur sinn að flytja vínföng þessi inn í landið til neytslu, heldur hafi hann keypt þau í Skotlandi handa tilgreindum manni í Noregi, og hafi hann ætlað að fá vínföngin geymd hér á landi, þar til þau yrðu send héðan til Noregs, og hafi hann álitnið að slík geymsla um stundarsakir væri ekki bönnuð eða ólögmat. Kærði hefir fengið frest í málinu til að sanna þessa staðhæfingu sína, en gögn þau, er hann hefir lagt fram, sanna ekkert í þessu efni eða styðja skýrslu hans.

Með umræddum innflutningi hefir kærði gerst brotlegur gegn 1. gr. í áðurnefndum lögum 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, og þykir hegning sú, er hann hefir tilunnið, samkvæmt 14. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin af undirdómaranum 600 kr. sekt til ríkissjóðs. Ákvæði dómsins um að hið innflutta áfengi skuli upptækt og vera eign ríkissjóðs svo og ákvæði dómsins um málskostnað samþykkist og ber því að staðfesta hann.

Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostn-

að málsins, þar með talin málflytningu-
laun til skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn 20 kr. til
hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið
vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lög-
mæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði
Andreas Julius Godtfredsen greiði allan áfrýjun-
arkostnað málsins, þar með talin málflytningu-
laun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn,
yfírréttarmálflytningu- og heimilingsmannanna Sveins Björns-
sonar og Eggerts Claessen 20 kr til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.